

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 8. mars 2024
UST202401-442/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 - Jarðstrengur milli Rimakots og Vestmannaeyja

Vísað er til erindis Rangárþings eystra dags. 31. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna lagningar rafstrengs frá tengivirki við Rimakot til Vestmannaeyja.

Umhverfisstofnun vill benda á eftirfarandi atriða sem gott væri að hafa í huga við frekari vinnslu skipulagstillögunnar og eftir atvikum matsskyldu fyrirspurn. Lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjárleiðslna. Framkvæmdir skulu samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Með umsókn til Umhverfisstofnunar um lagningu sæstrengs eða neðansjárleiðslu skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar um eins og við á hverju sinni:

- Lýsing á umfangi framkvæmdar og umfangi einstakra framkvæmdaþátta og uppdrættir af staðsetningu og legu.
- Upplýsingar um gerð, tegund og tilgang lagningar viðkomandi sæstrengs eða neðansjárleiðslu.
- Upplýsingar um hvernig framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlunum eða skipulagsstefnu á viðkomandi svæði.
- Lýsing á staðhættum á framkvæmdarsvæði.
- Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Telji Umhverfisstofnun að upplýsingar í umsókn séu ófullnægjandi, eftir að hafa gefið framkvæmdaraðila kost á úrbótum, skal stofnunin vísa umsókn frá skriflega og gera grein fyrir þeim þáttum sem vanreifaðir eru.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri